



Alþingi Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. júní 2013  
Tilvísun: 201306-0011

**Efni: Umsögn ASÍ um frumvarp til laga um breytingar á lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum, nr. 146/2012.**

Í greinargerð með frumvarpi til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (tekjuöflunaraðgerðir, kjarasamningar, verðlagsbreytingar o.fl.) var á það bent að í upphafi virðisaukaskattkerfisins hafi útleiga á hótél- og gistiherbergjum verið undanþegin virðisaukaskatti og hafi frádráttur innskatts því verið óheimill. Síðar var þessi starfsemi sett í 14% skattþrep og fékk þá heimild til að draga innskatt frá útskatti eins og önnur virðisaukaskattskyld starfsemi. Eftir að starfsemin var færð í 7% skattþrep hefur fráreginn innskattur af útleigu á hótél og gistiherbergjum numið hærri upphæð en álagður útskattur. Greinin hefur því fengið hærri upphæð endurgreidda úr ríkissjóði vegna innskatts en hún hefur greitt. Ekki getur talist eðlilegt að slíkur almennur atvinnurekstur njóti styrkja úr ríkissjóði.

ASÍ telur æskilegt að einfalda virðisaukaskattskerfið og gera það skilvirkara. Verði þetta frumvarp að lögum mun það hafa verulega óskilvirkni í för með sér sbr. að greinin mun þá greiða lægri útskatt en sem nemur frádráttarbærum innskatti.

Lögfesting frumvarpsins þýðir 535 milljón króna tekjutap ríkissjóðs á þessu ári og um 1,5 milljarð á ári eftir það. Ríkissjóður er rekinn með halla sem nauðsynlegt er að vinna bug á. Verði frumvarpið að lögum er því ljóst að það mun kalla á frekari tekjuöflun á öðrum sviðum eða enn frekari niðurskurð.

Í ljósi þess sem að framan er rakið leggst ASÍ gegn samþykkt frumvarpsins.

F.h. Alþýðusambands Íslands

Ólafur Darri Andrason  
hagfræðingur ASÍ

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Kirkjustræti  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. júní 2013 R2013060017  
G-ums 08/13

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 142/43**  
**komudagur 19.6.2013**

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum - 1. mál, þskj. 1.**


Ríkisskattstjóri hefur þann 12. júní 2013 móttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með frumvarpinu er lagt til að fallið verði frá því að á útleigu hótél- og gistiherbergja verði lagður 14% virðisaukaskattur. Samkvæmt lögum nr. 146/2012 átti slík breyting að taka gildi 1. september nk.

Þann 13. desember 2012 sendi ríkisskattstjóri efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis umsögn um frumvarp það er varð að lögum nr. 146/2012. Í þeirri umsögn varaði ríkisskattstjóri eindregið við því að taka upp þriðja þrepið í virðisaukaskatti þar sem fjöldi þrepa myndi auka hættuna á undanskotum og þá myndi það flækja virðisaukaskattskerfið. Ennfremur benti ríkisskattstjóri á að breyting sem þessi hefði í för með sér mikinn kostnað fyrir atvinnulífið vegna breytinga á uppgjörskerfum auk þess kostnaðar sem ríkisskattstjóri þyrfti að leggja í til að gera nauðsynlegar breytingar á tölvukerfum, eyðublöðum og verkferlum.

Í ljósi framanritaðs fagnar ríkisskattstjóri framkomnu frumvarpi þar sem fallið er frá þeirri fyrirhugun að leggja 14% virðisaukaskatt á útleigu hótél- og gistiherbergja.

Virðingarfyllst

  
Skúli Eggert Þórðarson

  
Guðrún J. Jónsdóttir





**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 142/31**  
**komudagur 18.6.2013**

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 18. júní 2013

1306018SA GB  
Málalykill: 400

### **Efni: Umsögn um frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, 1.mál**

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 12. júní 2013, þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp. Frestur er veittur til kl. 16 í dag, 18. júní.

Í frumvarpinu er lögð til sú breyting á lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum, nr. 146/2012, að fallið verði frá fyrirhugaðri hækkun á virðisaukaskattshlutfalli vegna útleigu á hótél- og gistinguþjónustu, úr 7% í 14%.

Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga er ekki gerð athugasemd við framangreinda lagabreytingu. Athygli er þó vakin á því að afnám þessarar skattlagningar mun hafa nokkur áhrif á tekjugrundvöll Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Áætlað var að hækkunin skilaði ríkissjóði um 1,5 milljarði króna í hærri skatttekjur á ársgrundvelli og hefðu 2% af þeirri fjárhæð runnið til jöfnunarsjóðsins.

Þrátt fyrir að sambandið leggist samkvæmt framansögðu ekki gegn samþykkt frumvarpsins þykir rétt að setja fram þá ábendingu að mikilvægt er að tryggja nauðsynlegt fjármagn til uppbyggingar og varðveislu ferðamannastaða hér á landi.

Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram að ætlunin sé að skoða möguleika á gjaldtöku til uppbyggingar ferðamannastaða og tryggja sjálfbærni. Samband íslenskra sveitarfélaga sóttist eftir og fékk á endanum að taka þátt í vinnu starfshóps sem fjármálaráðherra skipaði árið 2010 til að fjalla um leiðir til gjaldtöku af ferðamönnum. Eins og fram kemur í skýringum við frumvarp sem varð að lögum um gistinátta skatt nr. 87/2011, skilaði fulltrúi sambandsins séráherslum við gerð tillagna starfshóps sem fjármálaráðherra skipaði til að gera tillögur um útfærslu á gjaldtöku af ferðamönnum. Áherslurnar eru svohljóðandi:

*„Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga tekur undir þá meginniðurstöðu nefndarinnar að tekið verði upp gistináttagjald af ferðamönnum til að fjármagna nauðsynlega uppbyggingu og viðhald á ferðamannastöðum. Af hálfu sambandsins er hins vegar gerður sá fyrirvari við hugmynd um að fara blandaða leið gistináttagjalds og farþegagjalds, að hún verði útfærð á þann hátt að farþegar í innanlandsflugi verði ekki fyrir auknum kostnaði af þeim sökum.*

*Af hálfu sambandsins er einnig bent á að ríki og sveitarfélög hafa varið umtalsverðu fjármagn á undanförunum árum til uppbyggingar og reksturs menningartengdrar ferðaþjónustu. Í fæstum tilvikum fær þessi starfsemi þrífist*



*án opinbers fjárstuðnings en hún gegnir hins vegar mikilvægu hlutverki í því að bjóða upp á fjölbreytta afbreytingu fyrir ferðamenn. Almenn gjaldtaka af ferðamönnum virðist vera vænleg leið til þess að skjóta styrkari stöðum undir þennan mikilvæga þátt í ferðapjónustu hér á landi. Sambandið telur nauðsynlegt að við ráðstöfun þess fjár sem aflað verður á þann hátt sem nefndin leggur til verði menningartengd ferðapjónusta ekki undanskilin, þótt megináhersla verði lögð á að bæta aðstöðu við fjölsóttustu náttúruperlur landsins.“*

Tekið skal fram að sambandið lýsti sig í meginatriðum sammála þeirri forgangsröðun sem fram kom í frumvarpinu en þar varr lögð áhersla á að fjármagni úr framkvæmdasjóðnum skuli varið til uppbyggingar og verndunar mannvirkja og náttúru á ferðamannastöðum í eigu opinberra aðila og á náttúruverndarsvæðum og að stuðla að öryggi ferðamanna og verndun náttúru á ferðamannastöðum almennt. Ljóst er þó að líta verður víðtækt á þetta uppbyggingarstarf á ferðamannastöðum og er brýn þörf á að færa margt til betra horfs á þessum stöðum. Þar má nefna aðgengi fyrir fatlað fólk, hreinlætisastöðu og fráveitumál. Einnig verður að horfa til þess markmiðs að dreifa ferðamönnum betur um landið og líta þá til þess að bæta aðgengi að svæðum sem þola aukinn ágang ferðamanna.

Þar sem sveitarfélögin eru umsjónaraðilar fjölmargra ferðamannastaða auk þess að vera í lykilhlutverki við skipulagningu ferðapjónustu á sínum svæðum leggur sambandið áherslu á að eiga beina aðkomu að útfærslu hugsanlegrar gjaldtöku af ferðamönnum ásamt lagamma um ráðstöfun þess fjár sem þannig kann að verða aflað.

Að lokum vill sambandið minna á að í fjárfestingaáætlun fráfarandi ríkisstjórnar var gert ráð fyrir þriggja ára átaki til þess að efla innviði á ferðamannastöðum hér á landi með sérstöku 500 m.kr. viðbótarframlagi til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða, auk þess sem 250 m.kr. til viðbótar yrði varið til uppbyggingar í þjóðgörðum og á friðuðum svæðum. Greinileg þörf er fyrir slíka innspýtingu og er ekki ofsagt að stjórnvöld og ábyrgðaraðilar ferðamannastaða séu í kapphlaupi við tímann varðandi það að mæta stórauknum straumi ferðamanna hingað til lands. Vert er því að vekja athygli þingnefndarinnar á því að hvorki kemur fram í frumvarpi því sem hér er til umsagnar né í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar hvort ríkisstjórnin hyggst fylgja eftir þeim áformum sem fram komu í fjárfestingaáætluninni.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 142/17*  
*komudagur 18.6.2013*



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. júní 2013

**Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum (tekjuöflunaraðgerðir, kjarasamningar, verðlagsbreytingar o.fl.) nr. 146/2012, 1. mál.**

Með frumvarpinu er lagt til að hækkun virðisaukaskatts á gistipjónustu úr 7% í 14% frá og með 1. september 2013 öðlist ekki gildi.

Í umsögn um frumvarpið sem varð að lögum 16/2012 lýstu SA lýstu andstöðu við fjölgun þrepa í virðisaukaskatti. SA fagna því framkomnu frumvarpi og hvetja til þess að það verði að lögum.

SA telja jafnframt tímabært að fram fari heildarendurskoðun á virðisaukaskattkerfinu með einföldun þess að markmiði. Mesta einföldunin felst í einu, hóflegu skattþrepi sem bæði lágmarkar kostnað ríkissjóðs og fyrirtækja og stuðlar að minni undanskotum.

Í umsögninni lögðu SA til að lægra þrepið yrði hækkað í áföngum næstu árin, t.d. um 2% árlega sem yrði nýtt til að fjármagna lækkun úreltra vörugjalda og lækka hærra þrepið.

Virðisaukaskattur er langmikilvægasti tekjustofn ríkissjóðs og skilar 30% af heildarskatttekjum. Skatturinn hefur minni skaðleg áhrif en flestir aðrir skattar þar sem hann hefur lítil áhrif á fjárfestingar og vinnuframboð og þar með verðmætasköpun og lífskjör. Mikilvægt er fyrir ríkissjóð að rækta skattstofninn, hafa hann sem breiðastan, hlutfallið sem lægst og stuðla að stækkun hans með meiri umsvifum. Virðisaukaskattur og breytingar á honum henta hins vegar afar illa til jöfnunar lífskjara.

Rannsóknir Hagstofu Íslands á útgjöldum heimilanna sýna að fyrirkomulag með matvörum og fleiri vörum í lægra skattþrepi hafa óveruleg áhrif til tekjujöfnunar. Þótt lágtekjuheimili verji heldur hærra hlutfalli tekna sinna til kaupa á mat- og drykkjarvörum en hátekjuheimili, þá rennur stærri hluti þeirrar fjárhæðar sem felst í mismun almenna og lægra þrepsins til hátekjuheimila.

Virðingarfyllt,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins

*Hannes G. Sigurðsson*





**Alþingi**  
**Erindi nr. P 142/32**  
**komudagur 18.6.2013**

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd

Reykjavík 18. júní 2013

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt á gistingu nr. 146/2012**

Samtök ferðaþjónustunnar fagna framkomnu frumvarpi um að afturkalla hækkun á virðisaukaskatti á gistingu úr 7% í 14% sem taka átti gildi 1. september n.k. Helstu athugasemdir samtakanna, þegar frumvarp um hækkun virðisaukaskattsins var lagt fram á síðasta ári, voru m.a.:

Breytingin kom alltof seint fram og ljóst að stór hluti hækkunarinnar myndi lenda á gististöðunum. Löngu búið að gefa út verðskrár fyrir komandi ár og gera samninga við erlenda hópa/einstaklinga. Ferðaþjónustan hefur alltaf lagt áherslu á að hækkun skatta og gjalda þurfi að tilkynna með a.m.k. 18 mánaða fyrirvara.

Hækkun skatta er himnasending fyrir svarta markaðinn sem kemur til með að hagnast mest á breytingunni. Gríðarlegur fjöldi leyfislausra gististaða er á allra vitorði og stjórnvöld hafa lítið sem ekkert aðhafst til að afnema það ástand þrátt fyrir starfshópa og fögur fyrirheit.

Varasamt er að flækja skattkerfið með því að bæta við skattþrepi fyrir 608 lögaðila í gististarfsemi. Einn gististaður getur þurft að setja fjögur þrep virðisaukaskatts á reikninginn (gisting 14%, morgunverðurinn 7%, áfengi 25.5% og seld afþreying 0%). Bent er á umsögn ríkisskattstjóra þar sem hann tekur í sama streng.

Af 27 ESB þjóðum eru 23 þjóðir með gistinguna í lægra þrepi. Meðal virðisaukaskattur á gistingu í Evrópu er 10%. Hjá helstu ferðamannaþjóðunum s.s. Frakklandi og Þýskalandi er skatturinn 7%.

Þess skal getið að um er að ræða virðisaukaskatt á gistingu eingöngu en ekki ferðaþjónustu eins og segir í athugasemdum við frumvarpið og hefur þar af leiðandi verið haft eftir í fjölmiðlum.

Virðingarfyllt  
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Erna Hauksdóttir  
framkvæmdastjóri

Efnahags- og viðskiptanefnd  
Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

***Alþingi***  
***Erindi nr. P 142/19***  
***komudagur 18.6.2013***

Reykjavík 13. júní 2013


**Efni:** Umsögn um lagafrumvarp um breytingar á lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum (tekjuöflunaraðgerðir, kjarasamningar, verðlagsbreytingar o.fl.), nr. 146/2012 (virðisaukaskattur á ferðapjónustu) mál nr. 1, 142. löggjafarþingi.

Starfsgreinasamband Íslands hefur fengið til umsagnar mál sem afturkallar fyrirhugaðar hækkanir virðisaukaskatts á gistiþjónustu.

Fyrst ber að geta þess að Starfsgreinasambandið hefur ítrekað lýst áhyggjum sínum af stöðu ferðapjónustunnar, þeirri svörtu atvinnustarfsemi sem viðgengst þar og kjarasamningsbrotum sem aðildarfélög SGS þurfa ítrekað að bregðast við á þessum árstíma. Ferðapjónustan er mjög vaxandi atvinnugrein og er ljóst að það þarf átak til að koma henni í farveg sem er ásættanlegur.

Starfsgreinasambandið telur eðlilegt að ferðapjónustan greiði sömu skatta og skyldur til ríkissjóðs og aðrar greinar og leggur til heildarendurskoðun og samræmingu á þeim virðisaukaskattsákvæðum sem eiga við mismunandi hliðar ferðapjónustunnar. Jafnhliða því er nauðsynlegt að efla eftirlit og aðhald með greininni þannig að samkeppni þrífist með eðlilegum hætti og sumir komist ekki upp með undanskot á kostnað annarra.

Virðingarfyllst,



Drífa Snædal

f.h. Starfsgreinasambands Íslands

framkvæmdastjóri

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 142/24**  
**komudagur 18.6.2013**



**Nefndasvið Alþingis**  
**Efnahags- og viðskiptanefnd**  
**b/t. nefndarritara**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 18. júní 2013.

Efni: Frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (1. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér að fallið er frá hækkun VSK á gistinætur.*

Viðskiptaráð lagðist gegn hækkun VSK á gistinætur og tók þar undir varnarorð Samtaka ferðaþjónustunnar<sup>1</sup> varðandi skamman fyrirvara, áhrif hækkunarinnar á „svarta“ markaðinn, aukið flækjustig sem þegar var nægt í ferðaþjónustunni og takmörkuð tekjuöflunaráhrif.<sup>2</sup> Þó Viðskiptaráð sé almennt hlynnt samræmingu VSK-þrepa er ljóst að svo stórtækar breytingar þarf að gera með löngum fyrirvara og í góðu samstarfi við hagsmunaaðila – sem var ekki til að dreifa í þessu tilviki.

Viðskiptaráð fagnar því þeirri breytingu sem frumvarp þetta hefur að geyma en á sama tíma vekur athygli á mikilvægi þess markmiðs að ná jafnvægi í ríkisfjármálum sem allra fyrst.

Virðingarfyllst,

*Haraldur I. Birgisson*

---

Haraldur I. Birgisson  
Aðstoðarframkvæmdastjóri  
Viðskiptaráð Íslands

---

<sup>1</sup> Sjá [umsögn SAF](#) við 468. þingmál.

<sup>2</sup> Sjá [umsögn VÍ](#) við 468. þingmál.